

Lög

um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „fleiri en tvö stéttarfélög“ í fyrri málslíð 4. mgr. kemur: tvö eða fleiri stéttarfélög.
- b. Í stað „2. mgr.“ í síðari málslíð 4. mgr. kemur: 3. mgr.

2. gr.

Í stað orðanna „Vinnuveitendasambandi Íslands“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. 39. gr. laganna og sömu orða í 3. mgr. kemur: Samtökum atvinnulífsins.

3. gr.

67. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað orðanna „Frávísunardómi eða úrskurði“ í 1. tölul. kemur: Frávísunardóm eða úrskurð.
- b. Í stað orðsins „Dómi“ í 2. tölul. kemur: Dóm.
- c. 3. tölul. orðast svo: Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og réttarfarssektir skv. 60. og 63. gr.
- d. Við greinina bætist nýr töluliður sem orðast svo: Ákvörðun um að gera aðila að greiða sektir skv. 65. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 24. apríl 2001.